



9. desember 2020

Efni: Umsögn um frumvarp um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.

HS Veitur leggja engan dóm á tilefni og nauðsyn lagasetningarinnar, það er löggjafans að ákveða það. Það eru þó nokkur atriði varðandi útfærsluna og upplýsingar í frumvarpinu sem HS Veitur vilja koma með ábendingar/athugasemdir við.


- Í töflu í 6.1. lið greinargerðarinnar er ekki nýasta gjaldskrá HS Veitna, rétt verð er 6,11 kr./kWst og er enn að hækka 1. janúar vegna hækkunar á gjaldskrá Landsnets. Síðan er vandséð og í raun villandi að vera að tala um ákveðna ársnotkun (5.000 kWst) þegar það skiptir engu máli nema varðandi fastagjaldið sem er svo ekki tekið með. Ekki er vitað né hefur það verið kannað hvort svipaðar villur er að finna hjá öðrum dreifiveitum.
- Í grein 6.2 er talað um að 35.000 kWst ársnotkun og 4 auru hækkun geri 130 kr. á mánuði. Þó það skipti ekki miklu máli þá eru 35.000 kWst á 4 auru 140 kr. á mánuði en svo teljum við eðlilegra í svona samanburð að hafa virðisaukaskattinn með því hjá almennum notendum er hann hreinn kostnaður.
- Hvað varðar samráð við Samorku á sínum tíma þá munum við ekki betur en að Samorka hafi lýst því yfir að samtökin tækju ekki afstöðu til verðjöfnunar sem slíkrar en teldu að væri ákveðið að vera með verðjöfnun væri eðlilegra að fjármagna það með sköttum frekar en álagi á (suma) raforkunotendur.
- Jöfnunargjaldið er lagt á alla orku sem afhent er **til dreifiveitna** úr landskerfinu sem leiðir til þess að dreifiveiturnar greiða beint 4 - 6% gjaldsins vegna tapa í dreifikerfinu. Sé miðað við 5% töp og áætlaðar tekjur af gjaldinu samkvæmt greinargerðinni þá er um að ræða um 55 m.kr. beinan skatt á dreifiveiturnar.
- Tengist fyrirtæki dreifiveitu þá skal það greiða jöfnunargjald 0,34 kr./kWst. en nái það skilyrðum stórnotenda hjá Landsneti þarf fyrirtækið ekki að greiða jöfnunargjald.
Í dag er málum svo háttað að Landsnet er með tvær gjaldskrár, aðra fyrir dreifiveiturnar og hina fyrir stórnotendur (80 GWst +). Notkun HS Veitna á Suðurnesjum er um 30 MW og ef við gefum okkur að nýtingin væri 8.000

stundir myndu HS Veitur greiða um 1,64 kr./kWst. fyrir flutninginn samanber meðfylgjandi útreikninga. Stórnotandi sem tengdist á Fitjum/Stakk myndi hinsvegar greiða 0,875 kr./kWst. fyrir sömu notkun (30 MW og 8.000 stunda nýtingu). Dreifiveitan greiðir þannig 87,6% hærra verð fyrir nákvæmlega sömu þjónustu. Allir þeir viðskiptavinir sem mögulega geta reyna að sjálfsögðu að komast á gjaldskrá stórnotenda og spara sér þannig stórar fjárhæðir en það leiðir til sértenginga einstakra viðskiptavina í stað hagkvæmara heildarkerfis. Dreifikostnaður heimila og minni atvinnureksturs verður þá hærri því þeir aðilar sem fara á stórnotendagjaldskrá, án þess að vera sérstaklega stórir, taka ekki þátt í uppbyggingu dreifikerfa í nærumhverfi sínu. Þegar svo jöfnunargjaldið 0,34 kr./kWst. bætist við þá er mismunurinn orðinn 126,5% án í raun nokkurra efnislegra raka.

- HS Veitur eru með einn aðila í viðskiptum með 2,5 MW og jafna notkun (um 20 GWst á ári). Þessi aðili greiðir þá 6,8 m.kr. í jöfnunargjald og nú stefnir hann á að auka notkunina um u.þ.b. 5 MW og greiðir þá að óbreyttu um 20 m.kr. á ári í jöfnunargjald. HS Veitur hafa byggt upp dreifikerfi til að þjóna þessum viðskiptavini eins og öðrum en nái hann næsta 5 MW áfanga (fari í 12 MW) sem hann stefnir á verður hann stórnotandi, hættir að greiða jöfnunargjald og stór hluti fjárfestinga HS Veitna vegna hans verða vannýttar eða ónýttar.
- HS Veitur leggjast því alfarið gegn hækkun gjaldsins og ítreka þá skoðun Samorku frá 2015 að telji stjórnvöld rétt að vera með verðjöfnun þá sé það í heild sinni fjármagnað með sköttum í stað þess að skattleggja dreifiveitur vegna tapa og rugla enn frekar hlutverkaskipti og skil milli dreifingar og flutnings raforku.

Virðingarfyllst,

F.h HS Veitna hf.



Júlíus J. Jónsson
Forstjóri.

Landsnet (big customers) - 8.000 stunda nýting

01.01.2021		kW	10.000	20.000	30.000	40.000	50.000	60.000
		kWst	80.000.000	160.000.000	240.000.000	320.000.000	400.000.000	480.000.000
Tarif items	Tariff		kr/kWh	kr/kWh	kr/kWh	kr/kWh	kr/kWh	kr/kWh
Delivery charge	\$53.181,000		0,08370	0,04185	0,02790	0,02093	0,01674	0,01395
Power charge	\$30,979		0,48757	0,48757	0,48757	0,48757	0,48757	0,48757
Energy charge	\$1,567		0,19730	0,19730	0,19730	0,19730	0,19730	0,19730
Ancillary services	0,0675600		0,06756	0,06756	0,06756	0,06756	0,06756	0,06756
Ancillary services	0,0941500		0,09415	0,09415	0,09415	0,09415	0,09415	0,09415
Gengi	125,91							
TRANSMISSION ISK			0,93028	0,88843	0,87448	0,86751	0,86332	0,86053

Landsnet (for Utilities) - 8.000 stunda nýting

		kW	10.000	20.000	30.000	40.000	50.000	60.000
		kWst	80.000.000	160.000.000	240.000.000	320.000.000	400.000.000	480.000.000
Tarif items	Tariff		kr/kWh	kr/kWh	kr/kWh	kr/kWh	kr/kWh	kr/kWh
Afhendingargjald	7.149.652,00		0,08937	0,04469	0,02979	0,02234	0,01787	0,01490
Aflgjald	7.340.749,00		0,91759	0,91759	0,91759	0,91759	0,91759	0,91759
Orkugjald	0,53155		0,53155	0,53155	0,53155	0,53155	0,53155	0,53155
Kerfisþjónusta	0,0675600		0,06756	0,06756	0,06756	0,06756	0,06756	0,06756
Flutningstöp	0,0941500		0,09415	0,09415	0,09415	0,09415	0,09415	0,09415
Gengi	125,91							
TRANSMISSION ISK			1,70022	1,65554	1,64064	1,63320	1,62873	1,62575

Mismunur veitur/stórnotendur - sama notkun	82,76%	86,34%	87,61%	88,26%	88,66%	88,92%
--	--------	--------	--------	--------	--------	--------